

Nr. 026 / 09 Hrönn ÍS 74

Sekkur í Ísafjarðarhöfn

Skipaskr.nr. 0241
Smíðaður: Djupvik Svíþjóð 1963, eik
Stærð: 104,02 brl. 122 bt.
Mesta lengd: 28,29 m Skráð lengd: 25,30 m
Breidd: 6,43 m Dýpt: 3,26 m
Vél: Lister 364 kW, 1978
Fjöldi skipverja: 0



Hrönn ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. mars 2009 var Hrönn ÍS 74 við bryggju á Ísafirði. Veður: 7-12 m/s.

Um kl. 17:00 var björgunarsveit kölluð út þar sem báturinn var að sökkva og var að draga annan bát með sér, Jón forseta ÍS 85, sem lá utan á honum. Björgunaraðilum tókst að skera Jón forseta ÍS lausan og með aðstoð hafnarstarfsmanna var hann færður frá Hrönn ÍS sem sökk við bryggjuna. Ekki var talið að miklar skemmdir hafi orðið á Jóni forseta ÍS en umtalsverðar á Hrönn ÍS.



Báðir bátarnir höfðu legið óhreyfðir um tíma í höfninni. Myndin sýnir bátana þegar að var komið.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var talsvert gisinn að framan og er talið að snjóþungi hafi sett hann niður þannig að sjór náði að fara þar inn;
- að haffærissskírteini fyrir bátinn rann út í maí 1998;
- að báturinn er svokallaður óreiðubátur og hafði legið verkefnalaus í höfninni frá árinu 2000. Það var ekki hugsað um hann að hálfu eiganda og hafnarstarfsmenn höfðu dælt úr honum sjó reglulega vegna viðvarandi leka. Dælt hafði verið úr honum síðast u.þ.b. 10 dögum fyrir atvikið;

- að allri olíu hafði verið dælt úr bátnum fyrir u.þ.b. þremur árum;
- að Jón forseti ÍS er einnig svokallaður óreiðubátur og hefur legið í höfninni frá árinu 2005. Fram kom hjá hafnaryfirvöldum að þau hefðu engin úrræði við þeim vandamálum sem óreiðubátar valda. Hafnaryfirvöld hafa í langan tíma reynt að losa sig við þessa báta.

Nefndarálit:

Orsök þess að báturinn sökk er vanhirða.

Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur gert eftirfarandi tillögu í öryggisátt:

Í ljósi þess að svokallaðir óreiðubátar eru ítrekað að sökkva í höfnum og skapa margvíslegar hættur beinir nefndin því til Siglingastofnunar Íslands að hún hlutist til um að hafnaryfirvöld fái viðeigandi úrræði til lausnar á þessu vandamáli til að auka öryggi. (Mál nr. 161/07)

Nefndin ítrekar mikilvægi þess að hafnaryfirvöld fái viðunandi úrræði í þessum málum.